



Fundur í hafnarnefnd

**8. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn þriðjudaginn 24. febrúar 2020.
Fundur var settur kl. 16:00.**

Mættir voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Jónas Jóhannsson og Jónas Egilsson starfandi sveitar- og hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Auk þess sat Rafn Jónsson frá Ísfélagi Vestmannaeyja fundinn og Fannar Gíslason Vegagerðinni var í fjarfundarsambandi.

Fundargerð

1. Viðgerðir og lagfæringar á höfninni á Bakkafirði og Þórshöfn

Farið var yfir helstu framkvæmdir og lagfæringar í og við hafnir á Bakkafirði og Þórshöfn. Farið var yfir eftirfarandi verkefni:

- Viðgerðir á Bakkafirði fara fram í vor. Hönnunarvinna er þegar hafin.
- Dýpkun hafnar á Bakkafirði er í skoðun samhliða öðrum endurbótum.
- Ný flotbryggja á Bakkafirði. Ríkið borgar 60% af kostnaði skv. áætlun.
- Dýpkun í höfninni á Þórshöfn. Stefnt er að hreinsun hafnarinnar í sumar fyrir vertíðina í júlilok.

Sveitarstjóri ætlar að vera í sambandi við Fannar í næstu viku um greinargerð vegna ofangreindra verkefna.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.